

Mánudaginn 31. marzmán.

Nr. 5/1884

Hið opinbera

gegn

Ingimundi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 21. desbr. f. á., var hinn kærði, Ingimundur Guðmundsson, dæmdur í 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Ísafjarðarkaupstaðar fyrir það, að hann mikinn hluta fardagaársins 1882—1883 hafi haft hund á heimili sínu, er hann ekki hafi sagt lögreglustjóra til. Svo er hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur, að beiðni hins kærða, verið skotið til yfirdómsins, og er honum jafnframt áfrýjað af hálfu hins opinbera.

Um veturnætur 1882 varð hundur eptir á heimili hins kærða, er Eyjólfur nokkur Bjarnason, til heimilis í Barðarstrandarsýslu, átti; var hundurinn á heimili hans nálægt missiristíma, sendi hann hundinn þá áleiðis til eiganda, en hann komst ekki nema í Vigur, og menn þaðan fluttu hann aptur á Ísafjörð; en seinna — hvenær það hafi verið sjest ekki — ljet eigandinn sækja hann. Hinn ákærði hefur kannast við, að hann hafi ekki sagt lögreglustjóra til þessa hunds.

Þótt það nú yrði álitid, að hver og einn húsbóndi í kaupstöðum væri skyldur til samkvæmt tilskip. 25. júní 1869 1. gr. að segja lögreglustjóra innan ákveðins tíma til allra þeirra hunda, er á hans heimili væru, hvort sem þeir væru aldir upp á heimilinu,

að fengnir eða að komnir, þá ákveður tilskipunin þó ekki, að húsbóndinn skuli sektaður, ef hann bregður útaf, nema hann sjálfur eigi hundinn, og fyrir því verður að dæma hinn kærða sýknan af ákærum hins opinbera í þessu máli, og virðist allur kostnaður af málinu, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra, eiga að greiðast af opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeradi og flutningur þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Ingimundur Guðmundsson, á að vera sýkn af ákærum hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors, greiðist úr opinberum sjóði.

Mánudaginn 21. aprilmán.

Nr. 13/1884

Gestur Pálsson

gegn

Jóni Ólafssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 22. nóvbr. f. á., í máli, sem Gestur ritstjóri Pálsson hafði höfðað gegn ritstjóra Þjóðólfs, Jóni Ólafssyni, útaf ummælum í blaðinu Þjóðólfi, er Gestur þótti sóma sínum misboðið með,